



27. febrúar 2019

Berist til:

Guðrún Edda Bentsdóttir, verkefnastjóri skóla- og frístundasviðs.

Efni:

Umsögn frá skólaráði Fossvogsskóla varðandi drög að nýjum reglum um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum Reykjavíkur.

Á fundi skólaráðs Fossvogsskóla, þann 13. febrúar 2019, var tekið fyrir erindi frá Skóla- og frístundasviði (SFS), dags. 1. febrúar 2019, þar sem óskað er eftir því að skólaráð taki drög að nýjum reglum um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkur til umræðu og skili umsögn til SFS fyrir 28. febrúar 2019.

Skólaráð Fossvogsskóla fagnar að í endurskoðuðum reglum sé endanlegt ákvörðunarvald fært frá einstökum skólastjórnendum til miðlægra sviða Reykjavíkurborgar. Dæmi eru til um að við framkvæmd núverandi reglna hafi myndast óþarfa núningsfletir á milli skóla og heimilis, sem hér er ráðin bragarbót á.

Í 1. grein telur skólaráð óljóst hvernig fara eigi með málefni nemenda sem eru í sameiginlegri forsjá foreldra sem skilin eru að skiptum, sbr. 31. og 32. gr barnalaga. Til eru tilvik þar sem nemendur í þeirri stöðu eiga tvö heimili og annað þeirra er utan skólahverfis nemanda. Skólaráð telur rétt að nemandi sem býr við slíkar aðstæður eigi rétt á gjaldfrjálsu strætókorti/farmiðum til þess að standa vörð um hagsmuni nemandans þannig að lengri vegalengd milli skóla og heimilis myndi ekki þröskuld til ástundunar. Hafi SFS þegar gert ráð fyrir slíkum aðstæðum í 1. grein leggur skólaráð til að orðalag greinarinnar sé gert skýrara svo enginn vafi leiki á túlkun.

Í grein 4.1 er tillögufrestur skólastjórnenda stytur frá 15. ágúst til 1. maí. Telur skólaráð rétt að ákvörðun SFS um framlagðar tillögur sé fastsettur í grein 4.2 þannig að skólastjórnendur geti brugðist við tímanlega enda bera þeir ábyrgð á framkvæmd akstursins skv. sömu grein. Leggur skólaráð til að ákvörðun SFS liggja fyrir ekki síðar en 1. júlí vegna komandi skólaárs. Þá hafa skólastjórnendur ráðrúm til að skipuleggja og semja um skólaakstur áður en sumarleyfi og haustannir taka við. Fastur ákvörðunardagur veitir einnig svigrúm til andmæla og endurákvörðunar í tíma.

Í reglunum er ekki fjallað um skólaakstur fyrir nemendur sem sækja skóla í sínu skólahverfi um lengri leið en 1,5 km en almenningssamgöngur henta ekki, t.a.m. nemendur í dreifbýli. Telur skólaráð nauðsynlegt að reglur um slíkan akstur séu settar, séu þær ekki þegar til staðar annars staðar. Leggur skólaráð til að reglurnar verði sambærilegar við þær reglur sem settar eru fram í grein 4.1.

Virðingarfyllt.

Fh. skólaráðs Fossvogsskóla

Aðalbjörg Ingadóttir skólastjóri